



Til bæjarráðs

Kópavogi, 13. júní 2025
25031774/502.01 ÁAK

Efni: Tillaga að úthlutun parhúsaloða í þriðja áfanga Vatnsendahvarfs.

Þann 8. maí voru opnuð tilboð í parhúsaloðir við göturnar Stöðvarhvarf og Skírnishvarf í Vatnsendahvarfi. Í þessum áfanga voru í boði 5 parhúsaloðir og bárust 37 tilboð í allar lóðirnar frá 8 aðilum. .

Farið var yfir fylgigögn þeirra tilboðsgjafa sem til greina kom að úthluta til og uppfylltu allir hæfisskilyrði.

Samkvæmt úthlutunarskilmálum getur hver aðili aðeins fengið úthlutað tveimur lóðum en þó aðeins einni einbýlishúsaloð.. Í skilmálum er áskilinn sá réttur að við val tilboða yrði litið til þess að úthluta lóðum á sem hagstæðastan hátt fyrir Kópavogsbæ. Þetta þýðir að hafi aðili gert jafn há tilboð í nokkrar lóðir er við úthlutun tekið mið af upphæð tilboðanna sem koma næst á eftir.

Miðað við framangreindar forsendur er lagt til að parhúsaloðum þriðja áfanga Vatnsendahvarf verði úthlutað á eftirfarandi máta:

1. **Að lóðunum Skírnishvarfi 2 og 4 verði úthlutað til Birkis Más Guðbjörnssonar, Rakelar Reynisdóttu, Karls Friðriks Kristjánssonar og Karenar Lífar Gunnarsdóttur.**

Aðilar buðu kr. 50.100.000 fyrir byggingarréttinn og áttu hæsta tilboð í lóðirnar

2. **Að lóðunum Skírnishvarfi 6 og 8 verði úthlutað til Hótel Keilis ehf. kt. 701288-1229.**

Félagið átti annað hæsta boð í lóðirnar kr. 50.001.000

3. **Að lóðunum Skírnishvarfi 10 og 12 verði úthlutað til Markúsar Más Jóhannssonar.**

Markús átti hæsta tilboð í lóðina kr. 57.666.000

4. **Að lóðunum Stöðvarhvarfi 5 og 7 verði úthlutað til Freyssona kt. 531204-2470**

Félagið bauð kr. 41.100.000 sem er fimmta hæsta tilboð í lóðina og það hagstæðasta fyrir Kópavogsbæ að því virtu að þeir sem áttu hærri tilboð áttu önnur tilboð í raðhúsaloðir.

5. **Að lóðunum Stöðvarhvarfi 9 og 11 verði úthlutað til Sigurðar Brynjars Pálssonar og Rakelar Hrundar Ágústsdóttur.**



Tilboðið kr. 41.100.000 er fjórða hæsta tilboð í lóðina og það hagstæðasta fyrir Kópavogsbæ að því virtu að þeir sem áttu hærri tilboð áttu önnur tilboð í raðhúsalóðir

Samþykki bæjarstjórn Kópavogs tilboð í tiltekna lóð mun Kópavogsbær gefa út reikning sem nemur fjárhæð tilboðs. Gjalddagi og eindagi reikninga fyrir samþykktri tilboðsfjárhæð skal vera 30 dögum eftir útgáfu þeirra. Gatnagerðargjöld og önnur tengd gjöld eru innheimt við samþykkt á byggingaráformum í samræmi við gildandi gjaldskrá, hverju sinni.

Greiði tilboðsgjafi ekki reikning á gjalddaga er Kópavogsbæ heimilt að rifta kaupunum og skal þá lóðin boðin þeim sem átti næst hæsta tilboð í viðkomandi lóð. Bæjarráði er þó heimilt að bjóða aftur út lausar lóðir séu þrír mánuðir liðnir frá opnum tilboða.

Úthlutun lóðar öðlast ekki gildi fyrr en gengið hefur verið frá greiðslu og telst tilboðsgjafi þá lóðarhafi og lóðarleigusamningur gefinn út í kjölfarið. Lóðarhafi ber kostnaðinn af þinglýsingu lóðarleigusamningsins.

Virðingarfyllst,
f.h. bæjarritara

Ása A Kristjánsdóttir
Yfirlögfræðingur

